



442. fundur

haldinn í bæjarráðssal, fimmtudaginn 16. október 2008 og hófst hann kl. 17.00

Fundinn sátu: Ólafur Guðmundsson, formaður, Elísabet Lára Björgvinsdóttir, Davíð Sveinsson, Erla Friðriksdóttir bæjarstjóri og Þór Örn Jónsson bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Þór Örn Jónsson.

Ólafur Guðmundsson setti fund og fól Erlu bæjarstjóra fundarstjórn.

Fundargerðir nefnda.

1. 0810014 - Fundargerð fræðslunefndar, dags. 08.10.2008 (93. fundur) og 0809010 - fundargerð fræðslunefndar, dags. 10.09.2008 (92. fundur).

Fundargerðir framlagðar og samþykktar.

2. 0810013 - Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 07.10.2008 (126. fundur).

Fundargerð framlögð og samþykkt.

3. 0810012 - Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 07.10.2008 (111. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Aðalgata 17. Lóðarstækkun og tillöguteikning að byggingu og fyrirkomulag á lóð.

Hafsteinn Guðmundsson sækir um f.h. Kaupþings banka kt. 560882-0419, að stækka lóð Aðalgötu 17, sbr. bréf . dags. 30.07.2008. Einnig eru lagðar fram tillöguteikningar að bankabyggingu frá T.ark dags.10. 2008. Erindi vísað af bæjarráðsfundi til skipulags- og byggingarnefndar.

Nefndin tekur jákvætt í erindið. Breyta þarf deiliskipulagi í samræmi við tillögu. Samþykkt með þremur atkvæðum gegn tveimur.

Björgvin greiddi atkvæði gegn breytingu á deiliskipulagi. Hann telur að ekki sé ástæða til að stækka lóð fyrir 338 m² hús. Guðmundur sat hjá.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 2 Reitarvegur 6, viðbygging.

Þorbjörn Geir Ólafsson kt. 300575-5369 sækir um eftirfarandi breytingar á Reitarvegi nr. 6.a) Að byggja um 25 m² viðbyggingu við aðalhús. b) Að setja hurð á austurgafli og glugga á vesturgafli geymslu sbr. teikningar dags.15.05.2008. Stærðir 25,3 m². Tillagan var grenndarkynnt samkvæmt 7. mgr. 43. gr. laga nr. 73/1997 fyrir eigendum húsa við Reitarveg nr. 2, 4 og 4a og lóðarhafa við Reitarveg nr. 6a. Athugasemd barst frá Baldri Úlfarssyni Reitarvegi 2 og Eddu Baldursdóttur lóðarhafa við Reitarveg nr. 6a.

Nefndin leggur til að samþykkja viðbyggingu við íbúðarhús svo og breytingar á gluggum og hurð á geymsluskúr. Við endurbætur á geymsluskúr verði veggur sem snýr að lóðarmörkum Reitarvegar nr. 6a, endurbyggður í samræmi við reglugerðir um brunavarnir bygginga sbr. 156. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.



Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 3 Reitarvegur 3. Stöðuleyfi fyrir gáma.

Stykki hf. kt. 590293 2299 / Páll Aðalsteinsson óskar eftir stöðuleyfi fyrir tvo gáma á lóð við Reitarveg nr. 3 sbr. bréf dags. 30.07.2008. Skriflegt samþykki meðlóðarhafa liggur fyrir dags. 31.08.2008.

Nefndin samþykkir að veita stöðuleyfi á gámum á lóð í eitt ár í senn.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 4 Sundabakki 14. Endurnýjun á tröppum.

Guðmundur Óskarsson sækir um að endurbyggja tröppur utandyra við húsið að Sundabakka 14, sbr. teikningu dags. september 2008.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 5 Hamraendi 5. Milliloft.

Útgerð Arnars ehf. kt. 630589 1269/ Guðbrandur Björgvinsson sækir um milliloft á geymsluhúsnæði og að setja 2 glugga á gafl hússins sbr. teikn. frá Verkfræðistofu E.K. dags. sept. 2008. Skriflegt samþykki meðlóðarhafa liggur fyrir.

Erindi samþykkt.

Björgvin sat hjá vegna tengsla við 5. lið.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 6 Reitarvegur 3. Viðbygging.

Útgerðarfélagið Engey ehf /Óskar Eypórsson sækir um leyfi til að byggja við mhl. 010103, sbr. teikningu frá Verkfræðistofu EK mótt. 6.10. 2008. Stærðir: 73,75 m² m³.

Erindi samþykkt með fyrirvara á að skriflegt samþykki meðeigenda liggi fyrir.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

4. 0810011 - Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis, dags. 07.10.2008 (28. fundur) og 0809023 - fundargerð stjórnar Dvalarheimilis, dags. 09.09.2008 (27. fundur).

Fundargerðir framlagðar og samþykktar.

5. 0809039 - Fundargerð safna- og menningarmálanefndar, dags. 30.09.2008 (68. fundur).

Fundargerð framlögð og samþykkt.

6. 0809038 - Fundargerð umhverfisnefndar, dags. 29.09.2008 (19. fundur).

Fundargerð framlögð og samþykkt.

7. 0809037 - Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar, dags. 29.09.2008 (29. fundur).

Fundargerð framlögð og samþykkt.



- 8. 0809011 - Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 11.09.2008 (54. fundur).**
Fundargerð framlögð og samþykkt.

Aðrar fundargerðir.

- 9. 0810017 - Fundargerð Breiðafjarðarnefndar, dags. 09.10.2008 (91. fundur),**
(www.breidafjordur.is).
Fundargerð framlögð.
- 10. 0809033 - Fundargerð Breiðafjarðarnefndar, dags. 22.09.2008 (90. fundur),**
(www.breidafjordur.is).
Fundargerð framlögð.

Erindi til kynningar.

- 11. 0810025 - Tölvupóstur Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi samráðsfund sveitarfélaga um ástandið í efnahagsmálum á Grand hótél 17.10.2008.**
Framlagt.
- 12. 0810015 - Bréf EBÍ dags. 07.10.2008 varðandi úthlutun úr styrktarsjóði EBÍ.**
Framlagt.
- 13. 0810008 - Bréf EBÍ, dags. 02.10.2008 varðandi ágóðahlutagreiðslu 2008.**
Framlagt.
- 14. 0809036 - Bréf menntamálaráðuneytis, dags. 23.09.2008 varðandi framkvæmd samræmdra könnunarprófa í 10. bekk.**
Framlagt og erindinu vísað til fræðslunefndar.
- 15. 0810004 - Bréf Breiðafjarðarnefndar, dags. 22.09.2008 varðandi minnisblað um styrkingu á vernd Breiðafjarðar.**
Framlagt.
- 16. 0809035 - Bréf samgönguráðuneytis, dags. 22.09.2008 varðandi ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 17. október 2008.**
Framlagt.
- 17. 0809030 - Bréf Strætó bs., dags. 17.09.2008 varðandi nemakort í strætó á höfuðborgarsvæðinu.**
Framlagt.
- 18. 0809029 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 12.09.2008 varðandi vefaðgang að fundargerðum stjórnar sambandsins og gögn sem lögð eru fram á fundum hennar.**
Framlagt.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir.

- 19. 0810032 - Tölvupóstur Kristjáns Hallvarðssonar, dags. 08.10.2008 varðandi Móholt 14 og 16.**
Framlagt og samþykkt að veita Kristjáni Hallvarðssyni 6 mánaða framkvæmdafrest.
- 20. 0810034 - Erindi frá Héraðsnefnd Snæfellinga v/Byggðasafns-fjármál.**
Samþykkt að veita Héraðsnefnd Snæfellinga auka fjárframlag vegna rekstrarvanda.
- 21. 0810029 - Erindi frá Héraðsnefnd Snæfellinga v/Byggðasafns-breytingar á rekstri.**
Bæjarráð tekur jákvætt í erindið.
- 22. 0810027 - Tilnefning þriggja fulltrúa í nefnd v/eldfjallasafns.**



Bæjarráð tilnefni Greinar D. Pálsson, Erlu Friðriksdóttur og Berglindi Axelsdóttur í nefnd v/eldfjallasafns.

- 23. 0810024 - Umsóknir um starf forstöðumanns æskulýðsmiðstöðvar.**
Ein umsókn barst frá Sigurði Má Eggertssyni og Gísli Sveini Gretarssyni sækja sameiginlega um starf forstöðumanns æskulýðsmiðstöðvar. Samþykkt að bæjarstjóri gangi til samninga við umsækjendur.
- 24. 0810019 - Sjóvörn við Ægisgötu í Stykkishólmi.**
Samþykkt að Stykkishólmsbær greiði 1/8 af kostnaði við sjóvörn við Ægisgötu í Stykkishólmi.
- 25. 0810023 - Bréf Sýslumanns Snæfellinga varðandi umsögn um nýtt leyfi veitingahússins Fimm fiska, dags. 09.10.2008.**
Bæjarráð hefur ekki athugasemdir varðandi veitingu nýs leyfis til reksturs veitingahússins Fimm fiska í Stykkishólmi.
- 26. 0810020 - Bréf Menntamálaráðuneytis, dags. 03.10.2008 varðandi tilnefningu í skólanefnd Fjölbautaskóla Snæfellinga.**
Bæjarstjóra falið að tilnefna í skólanefnd Fjölbautaskóla Snæfellinga í samráði við aðra bæjarstjóra á Snæfellsnesi.
- 27. 0810007 - Bréf Grundarfjarðarbæjar, dags. 01.10.2008 varðandi sameiginlega almannavarnanefnd á Snæfellsnesi.**
Bæjarráð telur ekki þörf á breytingu á núverandi skipan stjórnar almannavarna á Snæfellsnesi.
- 28. 0810005 - Drög að verndaráætlun Breiðafjarðar 2008-2018.**
Erindinu vísað til bæjarstjórnar.
- 29. 0809034 - Bréf Brunamálastofnunar, dags. 25.09.2008 varðandi brunavarnaáætlun Slökkviliðs Stykkishólms.**
Samþykkt að bæjarstjóri og slökkviliðsstjóri vinni að gerð brunavarnaáætlun fyrir Slökkvilið Stykkishólms og nágrenni.
- 30. 0809027 - Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytis, dags. 09.09.2008 varðandi ný lög um almannavarnir.**
Bæjarráð telur ekki þörf á breytingu á núverandi skipan stjórnar almannavarna á Snæfellsnesi.
- 31. 0809022 - Endurskoðun á leigu íbúða fyrir aldraðra – frá bæjarráðsfundi nr. 441.**

Tillaga vegna húsaleigu íbúða fyrir aldraða við Skólastíg 14-16. Frá bæjarráðsfundi nr. 441.

Undirrituð leggur til að á næstu fimm árum verði húsaleiga hækkuð um 1,75% umfram vísitölu á þriggja mánaða fresti. Heildarhækkun umfram vísitölu að fimm árum liðnum verður því 35%.

Erla Friðriksdóttir,
bæjarstjóri

Samþykkt samhljóða.

Samningar/tilboð.

- 32. 0810006 - Opnun tilboða í þjónustuhús á tjaldstæði**

Eftirfarandi tilboð bárust:



	m/vsk.
Sumarbústaðir ehf.	36.574.156 kr.
Skipavík ehf.	27.931.250 kr.
Skipavík ehf. frávikstilboð	25.200.000 kr.

Kostnaðaráætlun fyrir verkið 27.197.400 kr. m/vsk.

Samþykkt að taka frávikstilboði Skipavíkur ehf. Davíð situr hjá vegna tengsla.

Fjármál/annað.

33. 0810026 - Tillaga Erlu Friðriksdóttur, bæjarstjóra, að álagningar reglum fyrir árið 2009.

Bæjarstjóri lagði fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga um að útsvar fyrir árið 2009 verði óbreytt miðað við fyrra ár þ.e. 13.03%.

Tillaga að álagningu fasteignagjalda árið 2009.

Fasteignaskattur A-flokkur	0,43%
Fasteignaskattur B-flokkur	1,32%
Fasteignaskattur C-flokkur	1,65%
Lóðaleiga íbúðarhúsnæðis	2,00%
Lóðarleiga atvinnuhúsnæðis	2,50%
Lóðarleiga ræktunarland	6,00%
Holræsagjald íbúðarhúsnæði	0,22%
Holræsagjald atvinnuhúsnæði	0,22%

Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld pr. ílát/tunnu 31.000 kr.

Staðgreiðsluafsláttur 3% til þeirra sem greiða fyrir 1. mars 2009 öll fasteignagjöld og eru skuldlausir við bæjarsjóð og fyrirtæki bæjarins.

Sorphirðu og/eða sorpeyðingargjöld af fyrirtækjum verði innheimt skv. sérstakri gjaldskrá.

Elli- og örorkulífeyrisþegar:

Afsláttur á fasteignaskatti til örorku- og ellilífeyrisþega er tekjutengdur og er hámarksafsláttur kr. 54.500.-

Afsláttur vegna einstaklinga:

Tekjumörk:	Afsláttur:
1.770.000.-	100%
1.984.000.-	75%
2.180.000.-	50%
2.393.000.-	25%
2.595.000.-	0%

Afsláttur vegna hjóna:



Tekjumörk:	Afsláttur:
3.144.000.-	100%
3.352.000.-	75%
3.551.000.-	50%
3.762.000.-	25%
3.955.000.-	0%

Gjalddagar fasteignagjalda verða 5 talsins á tveggja mánaða fresti þ.e. febrúar, apríl, júní, ágúst, október, fyrst 1. febrúar 2009.

Tillaga bæjarstjóra samþykkt.

34. 0810030 - Níu mánaða bráðabirgðauppgjör Stykkishólmsbæjar.

Þór Örn gerði grein fyrir níu mánaða bráðabirgðauppgjör Stykkishólmsbæjar.

35. 0810031 - Forsendur fjárhagsáætlunar 2009.

Forsendur fjárhagsáætlunar 2009 samþykktar samhljóða.

36. 0810028 - Fjárhagsaðstoð-trúnaðarmál.

Samþykkt.

37. 0810033 - 70 ára afmæli Ungmennafélagsins Snæfells.

Bæjarráð leggur til að í tilefni 70 ára afmæli Snæfells þann 23. október 2008 verði félaginu færðar 500.000 kr. að gjöf frá Stykkishólmsbæ.

38. Málefni Dvalarheimilis Stykkishólms.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála á Dvalarheimilinu.

39. Fyrirspurn frá Davíð varðandi Onesystem kerfið vefgátt.

Þór skoðar þetta og gerir grein fyrir því á næsta fundi.

40. Fyrirspurn frá Davíð varðandi aðkomu Orkuveitu Reykjavíkur að íþrótt og menningarmálum.

Bæjarstjóri kannar málið.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:53

Þór Örn Jónsson